

## Stjórnarfundur 6. Október 2021

Teams

### Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Sigurveig Helga Jónsdóttir

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

### Dagskrá fundarins:

1. Staða ungliðastarfs
2. Efni leigusamnings fyrir skápaleigu
3. Mótaskrá
4. Fastir liðir
  - a. D-Leyfis umsóknir
  - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
  - c. Endurbætur á húsnæði
5. Önnur mál

## 1. Staða ungliðastarfs

Formaður ungliðastarfs félagsins fræddi aðra stjórnarmenn um það hvernig þáttakan hefur verið í ungliðastarfinu og sagði frá því að starfið væri að fara sterkt af stað og oftar en ekki er verið að skjóta á öllum brautum á æfingum.

Aðstaðan í ungliðastarfinu er að mestu góð en finnst fulltrúa Æskulýðsnefndar þörf á að kaupa standa fyrir riffilskotfimi og stakk upp á að panta standa sem hægt er að nýta í Þrístöðu óháp aldri og hæð.  
- Áætlaður kostnaður er 150.000 krónur fyrir standana og samþykkti stjórnin að panta standa.

Mikið hefur verið rætt gjaldtaka fyrir ungliðastarf en þar sem félagið stendur ekki fyrir miklum kostnaði af rekstri ungliðastarfsins nema bara kostnaður tengda þjálfarurum. Stjórnin ætlar að spyrjast fyrir hvað er eðlilegur kostnaður tengdur þessu fyrir næsta fund og getur þá stjórnin tekið frekari afstöðu til málsins.

## 2. Efni leigusamnings fyrir skápaleigu

Stjórnin vann aðeins meira í þeim atriðum sem stjórnin myndi vilja sjá í leigusamningi:

- Fulltrúar Stjórnar þurfa að hafa tök á því að opna skápa félagsmanna komi upp þörf til þess. Allir leigutakar á skápum þurfa að vera með skráð símanúmer og netfang sem hægt er að hafa samband við leigutaka vegna þessa. Sé þörf á því að opna skáp strax t.d. vegna flóða þyrfti þá að hringja í viðkomandi og tilkynna þeim hvað er í gangi, en ef það kemur upp að það þurfi á næstu dögum að opna skáp sé nóg að tilkynna með tölvupósti.
  - Stjórn mun reyna að hafa samband en ef það næst ekki samband áskilur stjórnin sér rétt til þess að ganga í skápinn
- Greiðslur eru einu sinni á ári og samhliða félagsgjaldi. Samningi vegna leigu er rift ef gjaldið hefur ekki verið greitt innan tilskilins tíma. Stjórn stingur upp á marsmánuði eftir að greiðsluseðill hefur verið gefinn út.
  - Stjórn ákvað 1. apríl.
- Skáparnir eru einungis til afnota fyrir búnað ætluðum æfingum í félagsaðstöðunni. Ef upp kemur að ólöglegur varningur er geymdur í aðstöðunni verður það tilkynnt til yfirvalda.
- Skáparnir eru fyrir virka iðkendur og hafa þeir sem keppa í nafni félagsins eða hafa áunnið sér rétt til þess að leigja skáp með vinnu fyrir félagið með öðrum hætti forgang á leigu.

Fulltrúi stjórnar ætlar að setja saman drög að fyrstu útgáfu og leggja fyrir stjórn fyrir næsta stjórnarfund.

## 3. Mótaskrá

Mótaskrá var gefin út af STÍ á dögnum og er stjórn sammála um að hefja strax vinnu við að manna mótahald þeirra móta sem við höldum.

#### 4. Fastir Liðir

Ein ósk er komin fyrir D-Leyfi og hefur það verið sett af stað.

Verkefnið fyrir endurbætur á húsnæði er ekki komið í útboð en stefnt er á að það gerist í þessari viku.

#### 5. Önnur mál

Aftur var rætt rétt skotstjóra til þess að óska eftir því að sjá skotvopnaskírteini ef grunur leikur á að iðkandi sé ekki með réttindi á tilskilið skotvopn. Kom upp sú tillaga að ræða þessi mál við STÍ og vinna þessar reglur með þeim.